

AUGLÝSING

um samþykktir fyrir Tryggingasjóð innlánsdeildanna.

Nýjar samþykktir fyrir Tryggingasjóð innlánsdeildanna, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, voru settar á aðalfundi Tryggingasjóðs innlánsdeildanna 16. september 2009 og staðfestar af efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Samþykktirnar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir innlánsdeildanna frá 24. nóvember 2000, sbr. auglýsingu nr. 760/2001 í B-deild Stjórnartíðinda.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 2. febrúar 2010.

Gylfi Magnússon.

Jónína S. Lárusdóttir.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKTIR fyrir Tryggingasjóð innlánsdeildanna.

1. gr.

Tryggingasjóður innlánsdeildanna (hér eftir nefndur Tryggingasjóður) er í eigu þeirra innlánsdeilda samvinnufélaga sem lagt hafa honum fé skv. 4. gr. Sjóðurinn starfar á grundvelli 2. gr. a laga nr. 22/1991 um samvinnufélög, sbr. lög nr. 84/1993.

Allar innlánsdeildir samvinnufélaga skulu vera aðilar að Tryggingasjóði. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tryggingasjóður hefur það meginhlutverk að tryggja full skil á innlánsfé við innlánsdeild samvinnufélags ef bú þess er tekið til gjaldþrotaskipta að því leyti sem eignir sjóðsins hrökkva til og mælt er fyrir um í samþykktum þessum.

3. gr.

Stefnt skal að því að eigið fé Tryggingasjóðs nemi að minnsta kosti 3,5% af heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna hjá innlánsdeildum samvinnufélaga. Stjórn sjóðsins ákveður þetta hlutfall nánar og skal hlutfallið vera hið sama fyrir allar innlánsdeildir. Ef þörf krefur skal hver innlánsdeild greiða í þessu skyni, eigi síðar en 1. mars ár hvert, gjald til Tryggingasjóðs sem ákveðið skal af stjórn sjóðsins hverju sinni.

4. gr.

Auk árlegs gjalds skv. 3. gr. er hverri innlánsdeild skylt að leggja sjóðnum til fé í sérstakan séreignarsjóð er nemi að minnsta kosti 7% af heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna í hverri innlánsdeild miðað við næstu áramót á undan (gildir frá 1. janúar 2010). Ef þörf krefur skal hver innlánsdeild leggja til hliðar í þessu skyni, eigi síðar en 1. mars ár hvert, þá fjárhæð sem upp á kann að vanta að þessu marki sé náð. Fé séreignarsjóðs telst ekki til eigin fjár sjóðsins, heldur skal hlutdeild hverrar innlánsdeildar haldið aðgreindri í sjóðnum. Fé séreignarsjóðs verður ekki notað til þess að bæta viðskiptamönnum í innlánsdeildum tjón þeirra skv. 11.-15. gr., heldur gengur hlutdeild hverrar innlánsdeildar í séreignarsjóði til greiðslu á inneignum viðskiptamanna í hlutaðeigandi innlánsdeild við gjaldþrot eða skuldaskil samvinnufélags, sbr. nánar 11.-15. gr.

Ef hlutdeild innlánsdeildar í séreignarsjóði fer fram úr 10% af heildarinnlánsfé deildarinnar er stjórn Tryggingasjóðs heimilt að greiða það fé, sem umfram er, til deildarinnar.

Um ávöxtun séreignarsjóðs gilda ákvæði 9. gr.

5. gr.

Aðalfundur Tryggingasjóðs fer með æðsta vald í málefnum hans.

Hver innlánsdeild fer með atkvæðisrétt á aðalfundi í samræmi við það fé, sem hún hefur greitt til sjóðsins frá upphafi skv. 3. gr., til síðustu áramóta fyrir aðalfund. Þó má engin innlánsdeild fara með meira en 1/5 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingasjóði. Atkvæðisréttur innlánsdeildar skal vera í höndum þess fulltrúa er hlutaðeigandi samvinnufélag tilnefni til þess að fara með atkvæði hennar á aðalfundi.

Árlegur aðalfundur skal haldinn fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með 15 daga fyrirvara hið skemmsta. Aukafundi skal halda ef aðilar Tryggingasjóðs, sem fara með minnst 1/3 hluta atkvæðamagns í sjóðnum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Þá skal stjórn sjóðsins boða til fundar með sama hætti og til aðalfundar. Aukafundi skal annars halda þegar stjórn sjóðsins telur þess þörf með þeim fyrirvara sem hún ákveður.

Hver innlánsdeild á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum Tryggingasjóðs ef hún gerir skriflega kröfu um það til stjórnar sjóðsins með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Aðalfundur getur ekki tekið endanlega ákvörðun í öðrum málefnum en þeim sem getið er í boðaðri dagskrá.

6. gr.

Formaður stjórnar Tryggingasjóðs stýrir aðalfundum sjóðsins. Skal hann sjá um að haldin sé gerðabók um það sem gerist á aðalfundum.

Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

- a) skýrslu stjórnar um starfsemi liðsins starfsárs,
- b) staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi,
- c) kosningu stjórnar,
- d) þóknun stjórnarmanna,
- e) breytingar á samþykktum Tryggingasjóðs,
- f) önnur mál.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum.

7. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs skipa þrír menn. Stjórnarmenn eru kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er.

Stjórn Tryggingasjóðs kys sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður óskar þess.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Haldin skal gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda.

Verkefni stjórnarinnar eru m.a. eftirfarandi:

- a) að ákveða árlegt árgjald til Tryggingasjóðs skv. 3. gr.,
- b) að sjá um innheimtu á árlegu gjaldi til sjóðsins og framlagi í séreignarsjóð skv. 5. gr.,
- c) að taka ákvarðanir um ávöxtun á fé sjóðsins,
- d) að taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum,
- e) að semja ársreikning,
- f) að ráða löggiltan endurskoðanda,
- g) að hafa á hendi daglegan rekstur sjóðsins nema hann hafi verið falinn öðrum aðila, sbr. 18. gr.,
- h) að taka ákvarðanir sem snerta starfsemi sjóðsins að öðru leyti en talið er upp hér að framan.

9. gr.

Ávöxtun heildareigna Tryggingasjóðs skal við það miðuð að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Fé Tryggingasjóðs skal vera bundið í eftirfarandi eignum:

- 9.1. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, allt að 50% af brunabótamatsverði. Ef brunabótamat er ekki fyrir hendi eða það telst ófullnægjandi viðmiðun skal miðað við matsverð sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili framkvæmir.
- 9.2. Í bönkum og sparisjóðum.
- 9.3. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana og annarra lána- stofnana en þeirra, sem getið er í 9.2., enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
- 9.4. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
- 9.5. Í skuldabréfum sveitarfélaga með trausta rekstrarlega afkomu og fjárhagslega stöðu.
- 9.6. Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

10. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs er heimilt að kalla eftir reikningsskilum frá hverri innlánsdeild og óska annarra upplýsinga frá stjórnendum hlutaðeigandi samvinnufélags, eftir því sem ástæða þykir til. Stjórnin getur jafnframt falið löggiltum endurskoðanda sjóðsins að fara yfir bókhald og fjárreiður hverrar innlánsdeildar hvenær sem er. Er stjórninni heimilt að láta hlutaðeigandi samvinnufélag bera kostnað af slíkri athugun.

Stjórn sjóðsins getur beint því til hlutaðeigandi samvinnufélags að það geri þær ráðstafanir, sem stjórnin telur nauðsynlegar, til þess að treysta hag innlánsdeildar og tryggja hagsmuni viðskipta- manna hennar. Ber stjórninni jafnframt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu þetta þegar í stað.

11. gr.

Ef bú samvinnufélags er tekið til gjaldþrotaskipta ber skiptastjóra þegar að staðreyna heildar- fjárhæð inneigna viðskiptamanna í innlánsdeild að meðtöldum þeim vöxtum og/eða verðbótum, sem á inneignarfjárhæð hafi fallið á þeim degi sem búið var tekið til skipta. Skal skiptastjóri tilkynna stjórn Tryggingasjóðs án tafar um heildarfjárhæð þessa.

12. gr.

Sé heildarfjárhæð inneigna, reiknuð samkvæmt 11. gr., og að frádreginni hlutdeild innláns- deildar í séreignarsjóði skv. 4. gr., minni en nemur helmingi af eigin fé Tryggingasjóðs á þeim degi, sem bú samvinnufélags er tekið til gjaldþrotaskipta, skal Tryggingasjóður innan tveggja vikna frá því honum berst tilkynning skiptastjóra stofna sérstakan reikning við Seðlabanka Íslands, sem skipta- stjóri hefur ráðstöfunarrétt yfir, og leggja þar inn heildarfjárhæðina.

13. gr.

Nemi heildarfjárhæð inneigna, reiknuð samkvæmt 11. gr. og að frádreginni hlutdeild innláns- deildar í séreignarsjóði skv. 4. gr., meira en helmingi af eigin fé Tryggingasjóðs á þeim degi, sem bú innlánsdeildar er tekið til gjaldþrotaskipta, ber sjóðnum ekki að láta skiptastjóra hærri fjárhæð af hendi til ráðstöfunar en hlutfalli þessu nemur. Verður Tryggingasjóður ekki síðar krafinn um frekari greiðslur vegna innlánsdeildarinnar og skal skiptastjóri skipta greiðslu Tryggingasjóðs hlutfallslega milli eigenda innlánsreikninga þannig að allir fái þeir sam hlutfall inneignarfjárhæðar. Um fram- kvæmd útborgunar til skiptastjóra gilda að öðru leyti fyrirmæli 12. gr.

14. gr.

Skiptastjóri skal greiða eigendum innlánsreikninga inneignarfjárhæð þeirra eða það hlutfall hennar, sem greiðsla Tryggingasjóðs hrekkur til, sbr. 13. gr., jafnskjótt og við verður komið eftir að krafa um greiðslu berst. Standi eftir fé á reikningi, sem Tryggingasjóður stofnar til að hætti 12. gr., að fullgreiddum kröfum eigenda innlánsreikninga, öðrum en eftirstæðum kröfum þeirra við búskiptin, skal það renna á ný til Tryggingasjóðs.

Frá því skiptastjóri greiðir eiganda innlánsreiknings kröfu hans samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. telst Tryggingasjóður eigandi kröfunnar á hendur þrotabúi samvinnufélagsins að því leyti sem krafan hefur greiðst með þessum hætti.

Hafi greiðsla Tryggingasjóðs verið með þeim hætti, sem greinir í 13. gr. og hrökkvi eignir þrotabús samvinnufélagsins ekki til þess að eigendur innlánsreikninga fái fullnustu krafna sinna á hendur því, skal úthlutun sú úr búinu, sem falla ætti í hlut Tryggingasjóðs vegna fyrirmæla 2. mgr., deilast við úthlutun úr búinu milli eigenda innlánsreikninga að því marki, sem þarf til að fullnægja kröfum þeirra vegna innlánsreikninga, öðrum en eftirstæðum kröfum við búskiptin.

15. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs er heimilt að verja fé sjóðsins til þess að greiða eigendum innlánsreikninga í innlánsdeild inneignarfjárhæð þeirra eða tiltekinn hluta hennar í sambandi við nauðasamninga samvinnufélags eða annars konar samninga um skuldaskil þess enda séu allir stjórnarmenn sammála um það.

Sé það gert skal fara eftir ákvæðum 11.-14. gr., eftir því sem við á.

16. gr.

Reikningsár Tryggingasjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Tryggingasjóðs skal lagður fyrir endurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn Tryggingasjóðs.

17. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

18. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs getur falið Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. eða annarri viðurkenndri fjármálastofnun að annast daglegan rekstur sjóðsins.

19. gr.

Við frjáls slit innlánsdeildar gengur hún sjálfkrafa úr Tryggingasjóði og endurgreiðist þá hlutdeild hennar í séreignarsjóði. Hlutdeild innlánsdeildar í sameignarsjóði skv. reglu 21. gr. endurgreiðist 12 mánuðum eftir formlega úrsögn, miðað við stöðu hlutdeildarinnar þegar til útborgunar hennar kemur. Áður ber þó stjórn Tryggingasjóðs að ganga úr skugga um það að inneignir viðskiptamanna í innlánsdeildinni hafi verið greiddar eða fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

Greiðsla úr sameignarsjóði skv. 1. mgr. getur þó fyrst komið til framkvæmda 1. janúar 2005, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

Innlánsdeild er heimilt að framselja rétt sinn til endurgreiðslu úr sameignardeild skv. 1. og 2. mgr. til viðurkenndrar fjármálastofnunar, ef það er liður í samningi um yfirtöku fjármálastofnunarinnar á starfsemi innlánsdeildar.

20. gr.

Til breytingar á samþykktum þessum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Breytingin tekur ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu ráðherra.

21. gr.

Tryggingasjóði verður slitið með sömu skilmálum og í 20. gr. greinir.

Við slit sjóðsins rennur hlutdeild hverrar inneignardeildar í séreignarsjóði óskipt til hennar, en að öðru leyti skipast eignir sjóðsins á milli þeirra innlánsdeilda, sem aðild eiga að sjóðnum þegar tillaga um slit er samþykkt, og þeirra fyrrum innlánsdeilda sem sagt hafa sig úr sjóðnum frá 1. janúar 2001 og enn hafa ekki fengið hlutdeild sína útgreidda, í hlutfalli við það fé sem þær hafa greitt til sjóðsins frá upphafi skv. 3. gr.

22. gr.

Samþykktir þessar, sem eru settar af aðalfundi Tryggingasjóðs innlánsdeilda, staðfestast hér með skv. 3. tl. 2. gr. a laga um samvinnufélög nr. 22/1991, sbr. lög nr. 84/1993.

Þannig samþykktar á aðalfundi Tryggingasjóðs innlánsdeilda sem haldinn var í Reykjavík þann 16. september 2009.

Stjórn Tryggingasjóðs innlánsdeilda

Ágúst Guðmundsson.

Kristinn Bjarnason.

Gunnar Þórarinsson.

Samþykktir þessar skulu staðfestar af efnahags- og viðskiptaráðuneytinu sbr. 3. tl. 2. gr. a laga nr. 22/1991.

Gylfi Magnússon.

Jónína S. Lárusdóttir.